



HÁSKÓLI ÍSLANDS  
LAGAÐEILD



## LAGAÐEILD

Metnaðarfullt nám – fjölbreytt atvinnutækifæri





# Lögfræðin er spennandi og skemmtilegt nám

Það kunna margir að vera í vafa um hvort lögfræðin henti þeim. Er lögfræðin ekki þurr og leiðinleg? Er þetta ekki bara spurning um að muna einhverjar lagareglur utanbókar? Svörin við þessu eru einfaldlega nei. Lögfræðin er skemmtileg og lifandi vísindagrein sem hefur áhrif á allt samfélag okkar og líf manna, allt frá fæðingu til dauðadags, og jafnvel lengur, eins og nemendur læra m.a. í erfðarétti.

Lagadeild Háskóla Íslands er elsti og stærsti lagaskóli landsins. Kennslan er nútímaleg og fjölbreytt og er lögð rík áhersla á gagnvirka kennsluhætti með virkri samræðu kennara og nemenda. Skipulag námsins miðast við að undirbúa nemendur til að mæta kröfum atvinnulífsins og stjórnsýslunnar, hvort heldur fyrir störf í réttarkerfinu, sem lögmenn eða dómara, eða önnur sérhæfð lögfræðistörf.

## Grunnnám – BA-nám

### Inntökuskilyrði og uppbygging náms

Nemendur skulu hafa lokið almennu stúdentsprófi eða sambærilegu námi frá erlendum háskóla eða hafa lokið prófi í Háskólabróú Keilis. Nemendur sem hyggja á laganám þurfa að hafa góða íslenskukunnáttu.

Nemendur sem hefja nám við Lagadeild Háskóla Íslands byrja á 3ja ára grunnnámi. Í BA-náminu er lögð áhersla á grunnreinar lögfræðinnar, sem allir vel menntaðir lögfræðingar verða að kunna góð skil á. BA-námið er 180 ECTS eininga nám með 17 skyldunámskeiðum í grunnreinum lögfræðinnar. Náminu lýkur með 6 ECTS eininga BA-ritgerð. Til að ljúka meistaraþrófi í lögfræði þurfa nemendur að bæta við tveggja ára meistaranámi að loknu BA-prófi.

### Fjölbreytt og lifandi kennsla

Lagadeild hefur á að skipa einvalaliði kennara sem eru helstu sérfræðingar þjóðarinnar á flestum sviðum lögfræðinnar. Meirihluti þeirra kennslubóka sem notaðar eru við í kennslu í lagadeildum landsins er ritaður af kennurum Lagadeildar HÍ.

Í námskeiðum BA-námsins er nemendum skipt upp í hópa þar sem meistaranemar og/eða útskrifaðir lögfræðingar stýra umræðu- og verkefnahópum. Þannig eru nemendur hvattir til rökkræðna og skilnings strax í byrjun námsins.

---

## Góð aðstaða

---

Aðstaða til náms við Lagadeild HÍ er afar góð. Nýjar glæsilegar háskólabyggingar auk Lögbergs, þar sem hjarta deildarinnar slær. Útibú Landsbókasafnsins í Lögbergi er stærsta sérfræðisafn á sviði lögfræði í landinu. Laganemar hafa aðgang að eigin lesstofu í Lögbergi. Ekki má gleyma hinum nýopnaða Stúdentakjallara, sem stefnir í að verða miðpunktur félagslífs stúdenta.

---

## Mentorar

---

Lagadeild býður nýnemum sínum að taka þátt í mentoraverkefni deildarinnar. Það felst í því að í upphafi náms á 1. ári í BA-náminu er hverjum nýnema úthlutað mentor úr hópi nemenda á 3.–5. ári í deildinni. Hlutverk mentors er að hjálpa nýnemum að aðlagast nýjum skóla og kennsluháttum, vísa á þá þjónustu sem þeir eiga kost á og almennt miðla af reynslu sinni af náminu í deildinni. Mentorar hafa samband við nemendur í gegnum hópa á Facebook og með því að kalla þá saman á fundi. Mentorar vinna í nánú samstarfi við skrifstofu Lagadeildar.

# Meistaránám Mag.Jur.

Í meistaranáminu byggja nemendur á traustum grunni BA-námsins. Hvort sem áhugi nemenda beinist að hefðbundnum störfum í lögmenntu, dómara- og stjórnisýslustörfum eða öðrum störfum þar sem lögfræðilegrar sérþekkingar er þörf, geta þeir í meistaranáminu undirbúið sig markvisst með því að raða saman valgreinum. Öll námskeið meistaranámsins eru valnámskeið.

---

## Inntökuskilyrði – uppbygging náms

---

Nemendur skulu hafa lokið BA-prófi í lögfræði frá Lagadeild Háskóla Íslands eða sambærilegu námi að mati deildarinnar. Nemendur þurfa að ljúka tveggja ára 120 ECTS eininga námi til að útskrifast með meistaraþróf í lögfræði, Magister Juris.

---

## Skiptinám

---

Öllum meistaranemum Lagadeildar stendur til boða að stunda hluta meistaranámsins við erlenda háskóla, einkum í Evrópu og Bandaríkjunum. Hægt er að stunda skiptinám erlendis í allt að tvö misseri (60 ECTS einingar). Árlega fer fjöldi nemenda í skiptinám erlendis auk þess sem tekið er á móti fjölmörgum erlendum skiptinemum til náms við deildina. Lagadeild býður upp á 5–6







námskeið sem kennd eru á ensku á hverju misseri, og eru þau vel sótt bæði af íslenskum og erlendum nemendum.

---

### Námsvist

---

Meistaránemar geta sótt um að fá störf hjá viðurkenndum stofnunum og fyrirtækjum metin til allt að 6 ECTS eininga í meistaránáminu.

---

### Aðstoðarkennsla

---

Meistaránemar geta sótt um að sinna aðstoðarkennslu í BA-námskeiðum og annast þá umræðutíma og verkefnavinnu í nánu samstarfi við umsjónarkennara námskeiðanna. Meistaránemar sem sinna aðstoðarkennslunni geta fengið hana metna til 6 ECTS eininga í meistaránámi sínu.

---

### Að loknu námi

---

Lögfræðingar frá Lagadeild Háskóla Íslands eru eftirsóttir starfsmenn og störfín sem bjóðast að loknu námi ótrúlega fjölbreytt. Lögmannsstofur, dómstólar, fyrirtæki og stofnanir þekkja gott orðspor deildarinnar.

---

### Framhaldsnám erlendis

---

Nemendum deildarinnar gengur vel að komast í framhaldsnám við virtustu lagaháskóla heimsins. Er það ekki síst vegna gæða þeirrar menntunar sem þeir hafa aflað sér í Lagadeild HÍ og þess góða orðspors sem fer af deildinni.



## Orator

Orator er félag laganema við Háskóla Íslands. Laganemar eru þekktir fyrir frábært félagslíf. Orator stendur fyrir málþingum um lögfræðileg álitæfni sem eru efst á baugi á hverjum tíma, með framsögu sérfræðinga. Þá stendur Orator fyrir skemmtunum og viðburðum, svo sem íþróttakeppnum, ræðukeppnum, vísindaferðum og heimsóknum í stofnanir og fyrirtæki.

Þrátt fyrir mikinn lestur eru laganemar ávallt tilbúnir að lyfta sér upp með samnemendum sínum á hinum ýmsu skemmtunum sem Orator stendur fyrir.

---

### Lögfræðiaðstoðin

---

Orator hefur árum saman boðið upp á ókeypis lögfræðiaðstoð fyrir almenning öll fimmtudagskvöld meðan á kennslu stendur. Þar veita meistaranemar ráðgjöf í síma um þau lögfræðilegu álitæfni sem fólk glímir við. Er þetta bæði dýrmæt reynsla fyrir laganemann og mikið gagn fyrir þann sem leitar eftir aðstoðinni.

---

### Lögbergisdómur

---

Í Lögbergi er dómسالur, Lögbergisdómur. Þar spreyta nemendur sig á málf lutningi í tilbúnum málum. Nemendur undirbúa mál, semja málavaxtalýsingu, verja og sækja mál, bera vitni og kveða upp dóma. Er þetta skemmtilegur og lærdómsríkur vettvangur til að reyna á þekkingu sína.

**Með því að leggja leið þína í Lagadeild Háskóla Íslands setur þú markið hátt.**





HÁSKÓLI ÍSLANDS  
LAGAÐEILD

---

Gimli v/ Sæmundargötu, 101 Reykjavík, Sími 525 4386 • 525 4376 • 525 4387, lagadeild@hi.is

---

[www.lagadeild.hi.is](http://www.lagadeild.hi.is)

Reykjavík, febrúar 2013  
Útgefandi: Lagadeild HI  
Umbrot: PIPAR\TBWA  
Prentun: Svansprent